

Fundur 20.5.2024 Þorsteinn Guðjónsson.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Já góða kvöldið.*

Er hér bjart um að litast og fagurt á gamla Íslandi sýnist mér og er það einnig ágætt útlitið hjá okkur og er hér farið að rökkva og stjórnur farnar að blasa við og höfum við notið góðrar veðráttu að undaförnu.

Þykir mér mikilvægt að koma í sambandið og lýsa ýmsu fyrir ykkur og hafa verið sumir erfiðleikar við að komast í sambandið, en þó höfum við náð mörgum góðum samböndum í vetur og óvenju góðum.

Og hjálpar það okkur sérstaklega að horfa á þann stað á stjörnuhimninum þar sem vetrarbraut ykkar er staðsett og senda orku þangað og æfinlega finnst mér gott að komast í sambandið og nú er orðið langt um liðið og truflanir hafa verið ýmsar á sambandsmálum og vil ég gjarnan fara út í það, hef ég fylgst nákvæmlega með starfi ykkar eins og mér hefur verið kostur og finnst mér það mikilvægt, að ég hef verið í stjórn þessarar sambandsstöðvar um langt skeið, en kom ég aftur eftir nokkurt hlé.

Eins og ég sagði ykkur frá þegar ég komst í sambandið við ykkur fyrir all nokkru og þóttumst við þá hafa hrósað sigri, þegar,

*Ert þú Helgi ?*

Nei ég er Þorsteinn Guðjónsson, komið þið sæl.

*Já komdu blessaður.*

Sigurbjörn Einarsson fór yfir í aðra stöð og vinnur hér ekki framur, en höfum áhyggjur af því að samband við hana náist og munum reyna að bægja því frá ef það gerist hér í kvöld eða síðar.

*Takk fyrir það.*

En þar eru þó sum samböndin áhugaverð og er þar maður sem hefur staðið með okkur að senda þaðan vísindalegri sambönd en ella, ef kostur hefur verið á og er það Sigurður Haukur Guðjónsson.

*Mig langar að senda honum kveðju mína.*

Já við skulum reyna að skila því.

Og já við, ég vil gjarnan senda mínum ættingjum kveðju og höfum reynt að styrkja þá eins og kostur er, enda ekki vanþörf á og Guðrún Elsa og maður hennar Sveinn Víkingur eru orðin hér öflug. Og Þorsteinn Jónsson vildi einnig láta í sér heyra, við sjáum til hvernig það gengur, hann hefur verið að fjalla um ástæði og víxlmögnun á milli frumlífs jarða og framlífs jarða og hefur birt pistla og hyggur á bókaútgáfu.

Vonum að við komum því sambandi á bráðlega, sjálfur hef ég einnig verið í slíku starfi, þegar næði hefur gefist, en

*Sonur þinn bað mig að skila kveðju á fundinn.*

Já ég þakka fyrir það og skila, sendi honum einnig kveðju og þú segir þeim að vel hafi verið tekið á móti þeim hjónunum og þau eru orðin öflug og hress.

*Já okkur langaði að heyra meira frá honum Sveini um hans hugsanir varðandi flutninginn, eins og hann var að byrja að segja okkur.*

Já við sjáum til, það gæti verið mögulegt, við vonum að það gangi upp.

*Má ég spurja örstuttrar spurningar ?*

Já.

*Er Sigurður Haukur enn þá spíritisti eða er hann orðinn Nýalssinni ?*

Hann er orðinn Nýalssinni að miklu leiti en hann er nú að daðra við spíritismann á köflum, vill halda því fram að eitthvað sé rétt í þeirra kenningum og hefur reynt að þræta um það við okkur stundum og það er nú bara ánægjulegt, en mis gáfulegt sem hann lætur frá sér fara, en hann hefur verið að reyna að halda aftur af kirkjunnar mönnum þarna í þessari stöð.

Og teljum það mjög mikilvægt að hafa hann í þeirri stjórnusambandsstöð, þar sem þeir taka mark á honum, og hann reynir að fara bil beggja og hefur þó tengt við okkar stöð þegar samböndin frá þeim hafa tekið yfirhöndina.

Og því er gott að hafa hann þar, þar sem hann hefur hinn Nýalska og vísindalega skilning, en vill, er forvitinn að heyra þær sögur sem frá þeim koma og hefur starfað í þeirra stöð, sem Sigurbjörn er með til umráða.

*Hann hérna séra Gunnar Árnason hérna í Kópavogi, hann var líka spíritisti, er hann ekkert í þessu ?*

Jú hann hefur nú tekið sér eitthvað frí frá kirkjuvafstrinu, en við hittum hann samt stundum og hann mun vera að njóta lífsins og slappa af eins og hann segir stundum.

En já hann er ágætur að hann hefur þessa opnu hugsun og hið frjálslýnda viðhorf að þótt eitthvað standi í Biblíunni, þá getur hann efast um það líka og gæti einmitt verið áhugavert að heyra hans hlið, ef að þannig vill til að það tækist.

En að öðru leiti vil ég segja að vísindaleg sambönd hafa hér nokkur beðið og eru mörg vísindaleg sambönd sem eru nokkurn veginn tilbúinn, en þeir hafa verið með erindi fyrir aðra, en höfum ekki nógu oft getað tengt við ykkar stöð, það er hinn nýkomni Hyggs sem vildi fara út í sitt sérsvið og Steven Hawkins og Einstein hefur tekið við sér og er farinn að gera uppreist gegn gyðinga samfélaginu og hann hefur áttað sig á því að fylgni hans við ofurkenninguna sem hann vildi finna, voru mistök.

Og þótt hann sé þrjóskur þá er hann lítið eitt farinn að viðurkenna skammtakenninguna og ýmis önnur fræði sem ekki þóssuðu við afstæðiskenninguna, og er það fróðleg frásögn að heyra hann segja frá árekstrum sínum við gyðingasamfélagið og persónulegum upplifunum hans og samböndum hans við margvíslegar þjóðir, bæði Þjóðverja og Bandaríkjamenn og aðra og hann getur verið gamansamur ræðumaður og látið ýmislegt skemmtilegt flakka með.

Og hefur hann bæði gagnrýnt hernaðar hyggju gyðingana og eins þeirra trúarbrögð og margskonar menningar áhrif, þótt hann sé einn af þeim og er það fróðlegt á að hlýða, en enn er hann þó í ákveðinni andstöðu við suma vísindamenn, eins og Niels Bohr og getum við vonandi sagt frá því síðar.

En það er von mín og stefna að á næsta vetri getum við einbeitt okkur meira að vísindalegum samböndum.

Og þótti mér mjög vænt um það þegar félagi minn Sigurður Ólafsson kom í sambandið og sagði frá mannkynjum í vetrarbraut ykkar, sem eru komin á framfara brautina og sem nauðsynlegt er fyrir ykkur að tengjast í framtíðinni og sem komu í gegn hjálpar samböndum þegar hann var nýfarinn yfir og eins þegar Nýaldar hreyfingin óx og dafnaði á jörðinni gömlu ykkar og já þar er annar maður sem vill skila kveðju og brosir, er hér nálægur og vonandi að hann komist annað hvort í kvöld eða fljótlega, Guðlaugur Bergmann, hann er orkumikill.

*Já við erum að bíða eftir honum, já við erum að bíða, ég er tengdadóttir hans.*

Já, það er einmitt meiri ástæða fyrir hann að komast í sambandið, vonum að það takist, já það er, Sigurður fjallaði um þessi mannkyn sem eru í ykkar vetrarbraut og við teljum að það yrðu stórkostleg tíðindi ef þau gætu náð beint sambandi við ykkur og það yrðu einnig meiri líkindi til þess að farartæki kæmust á milli í geimnum með líkamninga flutningum, en þar er frá að segja að það er merkilegt hvernig tekist hefur að hindra slíkar heimsóknir, og eru ástæður ýmsar fyrir því og jafnvel reglugerðir um samskipti frumlífs mannkynja sem ekki eru komin á ferðalaga stigið, ef svo má segja, hnattanna á milli.

Og verður að velja rétta tímapunktinn, þið eruð talin of frumstæð og herská, af þeim sem miklu ráða í þeim efnum.

*Ekki er ég hissa á því.*

Já, en mannkyn þessi sem eru þarna í þessari, þetta er nær miðju vetrarbrautarinnar ykkar og mannkynin þar hafa lengri sögu af átrúnaði á Æsina og Ásynjurnar og er þar vísinda þróun stórkostleg sem hefur átt sér stað, og hefur þeim þó á sama tíma tekist að halda menguninni í skefjum, en er það ekki sjálfgefið og eru þar ýmsir sem vildu koma með erindi til ykkar um að halda kjarnorkunni í skefjum og forðast slík vopn, svo að það muni ekki ógna lífi hnattarins og tilveru að öþörfu.

En við höfum einstaka sinnum orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að ná samböndum við svo mögnuð mannkyn, en höfum ekki náð að tengjast ykkur beint við þau mannkyn, en vonum að það gerist í framtíðinni.

Einnig vil ég minnast á að hér bíður samband frá hnetti sem, það er ekki við hnött Búrdlíks, en það er hnöttur sem hann hefur mikil sambönd við og þarf að hjálpa upp úr helstefnu förunum, þar sem lítill hópur er þar að ná árangri og hefur náð meiri árangri en okkar gamli hópur, sem þið tilheyrið enn.

Og hefur sá hópur náð svo miklum árangri á þeim frumlífs hnetti, að hann hefur lent í miklu aðkasti samferðafóks síns og einelti eins og sagt er á ykkar máli og þarf á öllum stuðningi að halda og jafnvel gæti það haft góð stilliáhrif til ykkar.

Bera þau nokkuð svipuð nöfn og Búrdlík og hans fólk en eru þó á öðrum hnetti og vonum við að við komum því í gegn.

Og ætla ég að lokum að senda ættingjum mínum, allar mínar bestu kveðjur og sérstaklega vill Eiríkur sonur minn þakka fyrir sig, er hann hér stærðfræði kennari og hefur fengist við ýmisleg áhugamál og hann hefur átt sínar góðu stundir og erfiðu eins og gengur og gerist með hans veikindi, en hann hefur í heildina séð, náð að blómstra býsna vel og vill senda sínum bræðrum kveðju og móður sinni og þakkar fyrir kærleika þótt mikil fjarlægð sé á milli.

Já ég ætla að vona að okkur takist að senda þessi merkilegu sambönd, en vildi ítreka við ykkur að sýna þolinmæði ef svo skyldi verða hér í kvöld eða síðar, að kristileg sambönd gætu komist á.

Hér á þessum hnetti losnuðum við við Sigurbjörn og aðra sem vildu koma á þessum samböndum, en í þjóðfélaginu öllu eru fleiri sem aðhyllast kristnina og hefur verið eftir að þessi innrás var gerð á sínum tíma, hefur orkan verið óstöðugri og fleiri farið í gamla farið á kristinni trú og þurfum við að gæta sérstaklega að slíkum helgidögum og senda orku til að losna við slík sambönd, en höfum fulla trú að það standi ekki lengi.

Já þeir eru komnir víðar í þjóðfélagið og látum þetta gott heita að sinni, þakka ég fyrir mig og bið að heilsa mínu fólk og verið þið sæl.

*Blessaður Þorsteinn og þakka þér fyrir. Sæll.*